

Þess eðlis, að aðdróttun um að nota þau verður að teljast meiðandi, þá er öðru máli að gegna. Í grein þeirri, sem hér er um að ræða, eru meðul þessi nefnd »humbugs«-prjedikanir. En þetta orð verður eptir atvikum og eptir sambandinu ekki skoðað sem meiðandi, því það er einungis lýsing og aðfinnsla (kritik) á fyrirlestrum agentanna, og sem ekki segist á, þegar hún ekki kemur fram í óvirðandi eða móðgandi búningi. Það ber því að sýkna áfrýjanda af kærnum og kröfum stefnda í þessu máli. Krafa stefnda um að sekta málaflutningsmann áfrýjanda fyrir að hafa viðhaft orðið »flakk« um ferðalag agentanna og um ómerking á því orði verður eptir atvikum ekki tekin til greina. Málskostnaður fyrir báðum dómum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi, ritstjóri Hannes Þorsteinsson á að vera sýkn af kærnum og kröfum stefnda E. Egilsson fyrir hönd Baldwins L. Baldwinssonar í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Nr. 30/1893:

Hannes Þorsteinsson
gegn

E. Egilsson fyrir hönd Sigurðar
Kristóferssonar.

D ó m u r:

Mál þetta er höfðað í hjeraði fyrir bæjarþingsrjetti

Reykjavíkur kaupstaðar af E. Egilsson fyrir hönd agents Sigurðar Kristóferssonar gegn ritstjóra Hannesi Þorsteins-
sýni út af ummælum í blaði hans »Þjóðólfi«, er Sig-
urður taldi meiðandi fyrir sig, og var það dæmt í
nefndum rjetti 29. júnímán. þ. á. með þeim úrslitum,
að Hannes Þorsteinsson var dæmdur í 20 króna sekt
til landssjóðs — til vara 6 daga einfalt fangelsi — og
til að greiða málskostnað með 15 krónum. Svo voru
og hin átöldu ummæli dæmd dauð og ómerk.

Þessum dómi hefur Hannes Þorsteinsson áfrýjað
til landsyfirdómsins með stefnu 20. júlí þ. á. og krafist, að
hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og honum
breytt þannig, að hann verði dæmdur sýkn af öllum
kærum og kröfum stefnda í máli þessu, og að stefndi
verði dæmdur til að greiða honum allan af málinu leið-
andi kostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi. Hinsvegar
hefur hinn stefndi krafist hins sama og fyrir bæjar-
þingsrjettinum, sem sje:

- að hin uppástefndu ummæli áfrýjanda verði dæmd dauð
og marklaus,
- að áfrýjandi verði sektaður fyrir þau eptir laganna ýtr-
asta strangleika, og
- að áfrýjandi verði dæmdur til að borga allan af máli
þessu leiddan og leiðandi kostnað skaðlaust eptir
rjettarins mati.

Þess skal þegar getið, að með því að stefndi ekki
hefur gagnáfrýjað málinu, verður að líta svo á, að krafa
hans sje sú, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur;
svo hefur hann og krafist, að áfrýjandi greiði stefnda
málskostnað einnig fyrir yfirdómi.

Hin átöldu orð og ummæli eru prentuð í 12. töl-
blaði 45. árg. »Þjóðólfs« 17. marz 1893, í athugasgrein

ritstjórans (áfrýjanda) við grein B. L. Baldwinssonar agents, sem nefnist: »Nokkur ávarpsorð frá Baldwin«, og eru þau orð, sem stefndi telur meiðandi fyrir sig, þessi: »til að narra fólk hjedan vestur á eyðislettur Kanada, þar sem »allt brennur og frýs í sambandi við athugagreininna í heild sinni, sjerstaklega þessi orð: »dirfumst vjer að segja, að þar kom fyllilega í ljós almennur vilji í því, að sýna agentunum alvarlega fram á, hversu starfsemi þeirra hjer á landi væri vel þokkuð, og hvert þakklæti þeir ættu skilið fyrir hinar vesturheimsku »humbugs«-prjedikanir, er þeir hafa flutt svo að segja í hverjum krók og kima hjer á landi, (til að narra fólk hjedan etc).

Orð þau, sem stefndi einkum og sjer í lagi telur meiðandi fyrir sig, eru: „til að narra“ í sambandi við áður umgetin ummæli. Orðin »að narra til« eru út af fyrir sig ekki meiðandi; þau þýða alls ekki sama og að »fleka til«, heldur sama og að »fá« eða »lokka til«; en sjeu þau viðhöfð í því sambandi, að tilgreind eru þau meðul, sem viðhöfð eru til að narra, og þau eru þess edlis, að aðdróttun um að nota þau verður að teljast meiðandi, þá er öðru máli að gegna. Í grein þeirri, sem hjer er um að ræða, eru meðul þessi nefnd »húmbugs«-prjedikanir. En þetta orð verður eptir atvikum og eptir sambandinu ekki skoðað sem meiðandi, því það er einungis lýsing og aðfinnsla (kritik) á fyrirlestrum agentanna, og sem ekki segist á þegar hún ekki kemur fram í óvirðandi eða móðgandi búningi.

Það ber því að sýkna áfrýjanda af kærnum og kröfum stefnda í þessu máli Málskostnaður fyrir báðum dómum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi, ritstjóri Hannes Þorsteinsson, á að vera sýkn af kærum og kröfum stefnda E. Egilsson fyrir hönd Sigurðar agents Kristóferssonar í þessu máli. Málskostnaður falli niður.

Nr. 22/1893:

Guðmundur Símonarson
gegn
Sigurd Johansen.

D ó m u r:

Með skuldabryfi, dags. 26. ágústmán. f. á. útgaf áfrýjandinn tómt húsmáður Guðmundur Símonarson á Hrólf í Seyðisfirði viðurkenningu fyrir því, að hann skuldaði við verzlun stefnda, kaupmanns Sigurd Johanssens á Seyðisfirði »nál. 1600 kr.«, er hann skuldbatt sig til að borga fyrir 10. októbermánaðar s. á., og jafnframt veðsetti hann stefnda fyrir skuldinni með fyrsta veðrjetti 30 skpd. af góðum og velverkudum saltfiski, og skuldbatt sig til að svara fyrir gestarjetti Norður-Múlasýslu á Seyðisfirði, ef til málssóknar kæmi og stefndi færi fram á það. Hinn 2. desembermán. næst eftir stefndi síðan verzlunarstjóri stefnda áfrýjandanum fyrir gestarjett Norður-Múlasýslu »samkvæmt því, er hann hefði skuldbindið sig til í umræddu veðskuldabryfi«, fyrir það, að »nálægt 10 skpd.« vantaði á, að hann hefði skilað verzluninni hinum veðsetta fiski, og stefndi hefði eigi heldur borgað andvirði þeirra á annan hátt til verzlunarinnar. Fyrir gestarjettinum lagði verzlunarstjórinn síðan fram verzlunarreikning áfrýjanda